

af kr. 4.659.73 frá 28. desember 1959 til 22. febrúar 1960, 10% p.a. af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 2. marz 1960, 10% p.a. af kr. 4.874.72 frá þeim degi til 29. desember 1960 og 8% p.a. af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags. Aðalstefnandi skal vera sýkn af gagnkröfum aðalstefnda. Aðalstefndi greiði aðalstefnanda í málskostnað kr. 2.000.00. Greiðslur fari fram innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 9. apríl 1965.

Nr. 103/1964. **Olíuverzlun Íslands h/f**

(Magnús Fr. Arnason hrl.)

gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Jóhann Salberg Guðmundsson, bæjarfógeti á Sauðárkróki, kvað upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. júní 1964. Hinn áfrýjaði úrskurður var kveðinn upp 7. marz 1964. Skaut áfrýjandi honum til Hæstaréttar með stefnu 6. apríl s. á. í málinu nr. 74/1964, en útvistar-dómur gekk í því máli þann 1. júní s. á.

Í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949 er svo kveðið á, að áfrýjunarfrestur skuli vera 4 vikur frá lokum dómsathafnar, en þó geti dómsmálaráðherra veitt leyfi til áfrýjunar næstu þrjá mánuði frá sama tíma, ef sérstaklega stendur á. Fjögurra vikna áfrýjunarfresturinn var liðinn, þegar stefna var gefin út í málinu nr. 74/1964, og áfrýjandi hafði ekki aflað sér áfrýjunarleyfis. Verður máli því, sem hér er til úrlausnar, af þeim sökum vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fellur niður.

Úrskurður uppboðsdóms Sauðárkróks 7. marz 1964.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 26. f. m., er þess krafizt af sóknaraðilja, að fjárnámskrafa hans, kr. 290.460.16, með 8% ársvöxtum frá 1. janúar 1960 til greiðsludags og kr. 15.000.00 í málskostnað auk kostnaðar við fjárnám og uppboð verði tekin til greina á undan kröfum varnaraðilja og greidd af uppboðsandvirði svonefnds slátur- og fiskmóttökuhúss Fiskivers Sauðárkróks h/f, þess er boðið var upp á nauðungaruppboði 7. október f. á. og lagt ríkissjóði út til eignar 21. s. m. upp í ófullnægðar veðkröfur hans.

Af hálfu varnaraðilja er kröfu þessari mótmælt og sýknu krafizt og hæfilegs málskostnaður úr hendi sóknaraðilja.

Málavextir eru þessir:

Hinn 31. júlí f. á. gerði sóknaraðili fjárnám í téðu slátur- og fiskmóttökuhúsi, hraðfrystihúsi og fiskimjölsverksmiðju Fiskivers Sauðárkróks h/f í senn til tryggingar dómskuld, að fjárhæð kr. 290.460.16, með 8% ársvöxtum frá 1. janúar 1960 til greiðsludags og kr. 15.000.00 í málskostnað auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, ef til kæmi. Allar þessar eignir voru þá á nauðungaruppboði, sem þingfest var 25. október 1962, en frestað hafði verið nokkrum sinnum. Voru eignirnar samkvæmt veðmálaregistri auglýstar til uppboðs í þrennu lagi, eins og þær að framan eru taldar. Næst eftir téð fjárnám var uppboðið tekið fyrir 1. ágúst f. á. og því þá frestað til 7. október f. á., og fór uppboðið fram þann dag á öllum nefndum eignum. Hæstbjóðandi í allar eignirnar hverja fyrir sig varð varnaraðili, Fjármálaráðuneytið f. h. ríkissjóðs, og var jafnframt krafizt útlagningar eignanna ríkissjóði til handa upp í ófullnægðar veðkröfur hans. Þann 21. október f. á. voru boð ríkissjóðs samþykkt og tekin til greina krafan um útlagningu og ríkissjóði lagðar út eignirnar upp í ófullnægðar veðkröfur.

Við uppboð á hraðfrystihúsinu, sem fyrst fór fram, fékk umboðsmaður ríkissjóðs bókaða athugasemd sína út af uppboði á slátur- og fiskmóttökuhúsi, sem hann taldi tilheyra hraðfrystihúsinu og eiga að bjóða upp með því, og gerði fyrirvara um

það, að boð sín þar á eftir tækju og til þess húss. Þó féll hann frá kröfu um úrskurð um þetta atriði, en áskildi ríkissjóði allan hugsanlegan rétt í samræmi við athugasemd sína. Sóknaraðili lét ekkert bóka eftir sér út af athugasemd þessari og fyrirvara. Fór uppboðið síðan fram, og varð varnaraðili, ríkissjóður, hæstbjóðandi í eignina, sem áður segir. Er uppboð á slátur- og fiskmóttökuhúsi fór fram síðast greindra uppboða, mótmælti umboðsmaður varnaraðilja í fyrstu framgangi þess og lagði fram og vitnaði til áðurnefndrar bókunar um það. Var uppboðinu að ósk hans frestað þar til síðar sama dag, er því var fram haldið. Féll umboðsmaður varnaraðilja þá frá úrskurði um áðurnefnda kröfu sína, en mótmælti til vara, að þinglýstar fjárnámskröfur í eignina yrðu greiddar af væntanlegu uppboðsandvirði. Umboðsmaður sóknaraðilja fékk þá bókun gerða, að boð þau, er hann kynni að gera í eignina, væru bundin því skilyrði, að eigi hvíldu aðrar veðskuldir á eigninni en greindi í framlögðu veðbókarvottorði. Í veðbókarvottorði því um eign þessa, sem lagt var fram á uppboðinu og var í samræmi við það, sem skráð var í veðmálaregistur, eru veðskuldir taldar þessar:

Með 1. veðrétti kr. 100.000.00 til handhafa samkvæmt veðbréfi, dags. 6/5 1954.

Með 2. veðrétti kr. 180.000.00 til Útvegsbanka Íslands samkvæmt veðbréfi, dags. 29/10 1956.

Með 3. veðrétti kr. 9.000.00 til Guðjóns Steingrímssonar samkvæmt fjárnámi, dags. 31/5 1963.

Með 4. veðrétti 290.460.16 til Magnúsar Fr. Árnasonar hæstaréttarlögmanns samkvæmt fjárnámi, dags. 31/7 1963.

Þegar hins vegar að því kom, að uppboðshaldari skyldi taka afstöðu til gerðra boða í eignina og krafna í hana og veðmálabækur voru nánar kannaðar um þinglýst skjöl, kom í ljós, að varnaraðili átti þinglýstan veðrétt í eign þessari, svo sem um getur í útlagningargerð og enn fremur í skjölum, er fylgja máli þessu. Þótti sýnt, að varnaraðili fékk eigi fullnægt kröfum sínum með gerðu boði í eignina, og er því raunar ómótmælt út af fyrir sig, og var samkvæmt því óumflýjanlegt að taka til greina kröfu varnaraðilja um útlagningu, sem síðar var gerð 21. október f. á.

Sóknaraðili styður kröfur sínar fyrst og fremst við veðbókarvottorð það, sem lagt var fram á uppboðinu og samið var samkvæmt veðmálaregistri um eignina, svo og það, sem hann kveðst

hafa séð um eignina í veðmálabókum. Reyndar kveðst hann í greinargerð sinni hafa skoðað veðmálabækur umdæmisins vandlega, áður en fjárnám hans fór fram. Í veðbókarvottorði og registri er veðréttar varnaraðilja eigi getið. Er svo af gögnum sóknaraðilja í málinu að skilja, að veðréttindum varnaraðilja hafi alls eigi verið þinglýst, a.m.k. eigi svo að bindandi sé fyrir sóknaraðilja. Í því efni vitnar hann til 19. og 29. gr. frumvarps til laga um þinglýsingar frá árinu 1959 og athugasemda við þær greinar, og virðist hann leggja á það megináherzlu, að skuldheimtumenn með þinglýstan rétt þurfi eigi að vera grandlausir um óþinglýstan veðrétt samningsveðhafa.

Varnaraðili reisir kröfur sínar í greinargerð á því, að veðskjölum sínum hafi raunverulega verið þinglýst, að hvorki hafi þurft né átt að færa veðbönd á neinn sérstakan hluta hraðfrystihússins, heldur á þá eign í heild, en hann telur, að svo nefnt slátur- og fiskmóttökuhús eigi að teljast með hraðfrystihúsinu, eins og hluti af því. Þá bendir varnaraðili á það, að fjárnám sitt hafi sóknaraðili eigi gert sérstaklega í téðu slátur- og fiskmóttökuhúsi, og hafi sú eign eigi verið metin sérstaklega vegna fjárnáms, enda telur varnaraðili, að eigi sé unnt að ræða um slátur- og fiskmóttökuhúsið sérstaklega sem eign og því eigi unnt að gera á því sérstakt fjárnám. Þá bendir varnaraðili á, að sóknaraðili hafi eigi lýst kröfum sínum sérstaklega við uppboðið. Bendir varnaraðili á, að ekkert veðbókarvottorð hafi verið lagt fram við fjárnámið. Hann heldur því og fram, að eigi skipti máli, þótt hraðfrystihúsið og umrædd eign hafi verið boðin upp í tvennu lagi, þar eð hann hafi gert allan áskilnað sér til handa, áður en uppboðið fór fram. Varnaraðili heldur því og fram, að sóknaraðili hafi eigi verið bona fide, hvorki við fjárnámið né uppboðið. Loks bendir varnaraðili á, að tilvitnanir sóknaraðilja í lagafrumvarp um þinglýsingar eigi hér alls eigi við, enda fráleitt að ætla mala fide fjárnámskrefjanda meiri rétt en t. d. bona fide samningsveðhafa.

Í þinghaldi 26. f. m., er munnlegur málflutningur fór fram, hefur varnaraðili enn fremur haldið því fram, að mál þetta sé res judicata fyrir þessum dómi með útlagningargerðinni 21. október s.l., sem eigi hafi verið áfrýjað og standi í fullu gildi að formi og niðurstöðu sem og efnislegum rökstuðningi. Að öðru leyti reisir hann dómkröfur sínar á því, að fjárnámsveð sóknaraðilja njóti eigi forgangs fyrir löglegum og þinglýstum veðum sínum.

Að því eru leidd rök í útlagningargæði um eign þá, er hér um ræðir, að skilyrði til útlagningar hennar varnaraðila til handa upp í ófullnægðar veðkröfur voru fyrir hendi, þótt úthlutunargæði samkvæmt 34. gr. laga nr. 57/1949 hefði þá eigi farið fram. Sóknaraðili hefur að vísu fundið að því í málflutningi sínum, að úthlutunargæði var eigi gæði, áður en ákvörðun var tekin um útlagningu. Við þeirri athugasemd er það að segja, að það er í tilvitnaðri lagagrein eigi gert að skilyrði, að úthlutunargæði fari fram fyrir útlagningu, auk þess sem augljóst þótti og raunar ómótmælt, að varnaraðili fékk eigi fullnægt kröfum sínum með boði sínu í eignina.

Að athuguðu máli verður að fallast á það með varnaraðila, að útlagningargæði uppboðsdóms um eignina er res judicata þannig, að henni verður eigi breytt af sama dómi, og verður áfrýjun til æðra réttar til að koma, ef svo má verða. Þegar af þeirri ástæðu verður eigi unnt að taka til greina kröfu sóknaraðila, að svo komnu máli. Auk þess þykir rétt að taka fram, að svo verður að líta á, að þau veðskuldabréf ríkissjóðs, sem greind eru í gögnum málsins og óvæfengjanlega hafa verið árituð um móttöku til þinglýsingar og síðan þinglýst, veita ríkissjóði fullgildan veðrétt í eigninni, þótt svo hafi farið, að þau voru eigi skráð í veðmálaregistur eignar þessarar og því heldur eigi tekin upp í veðbókavottorð það, sem lagt var fram við uppboðið. Sóknaraðili gæði fjárnám í öllum þremur nefndum eignum 31. júlí s.l. til tryggingar kröfu sinni. Hann skoðaði áður veðmálabækur, að því er hann sjálfur segir, og mátti hann þá kynna sér rétt varnaraðila. Að þessu athuguðu sem og því, að veðskjölum ríkissjóðs var löglega þinglýst, verður að meta rétt varnaraðila meiri en sóknaraðila.

Samkvæmt framanrituðu er eigi unnt að taka kröfu sóknaraðila til greina.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Ályktarorð:

Varnaraðili, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfu sóknaraðila, Olíuverzlunar Íslands h/f, í máli þessu, og er kröfu sóknaraðila um greiðslu af uppboðsverði téðrar eignar synjað.

Málskostnaður falli niður.